

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um að Brimilsvallasókn í Ólafsvíkurstakalli, Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi verði sameinuð Ólafsvíkursókn í sama prestakalli.**

„Ráðuneytið hefur mótttekið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 14. desember 1993, þar sem farið er fram á staðfestingu ráðuneytisins á því, að Brimilsvallasókn í Ólafsvíkurstakalli, Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi verði sameinuð Ólafsvíkursókn í sama prestakalli.

Ráðuneytið staðfestir hér með ofangreindar breytingar, enda liggur fyrir samþykki viðkomandi aðalsafnaðarfunda og héraðsfunda, sbr. 4. gr. laga um kirkjusóknir o.fl. nr. 25/1985.

Þetta tilkynnist yður til frekari birtingar.“

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 430/1984, um sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda og iðgjöld til sjóðsins, með síðari breytingum.**

1. gr.

3. másl. 2. mgr. 8. gr. orðast svo: Þá skulu iðgjöld, sem innheimt eru umfram þau mörk, sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. 3. gr. endurgreidd eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 25. nóvember 1994.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson**

*Áslaug Guðjónsdóttir*